Fréttatilkynning
News Release

Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna. Ameríska Sendiráðið. Reykjavík.
United States Information Service. American Embassy. Reykjavík.
Sími/Tel: 11084 19900 19331

Við viljum vekja athygli á því að laugardaginn 19. janúar verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á bandarískum veggspjöldum, "Poster Art USA", og mun hún standa til sunnudagsins 10. febrúar. Verður sýningin opin klukkan 14.00 til 22.00 alla daga.

Sýning þessi er farandsýning, sem þegar hefur farið víða um lönd og hefur vakið mikla athygli. Veggapjaldið (pósterinn, plakatið) er þegar orðinn æði áberandi þáttur í listalífi nútímans, þótt ef til vill hafi skort nokkuð á að það hlyti verðskuldaða viðurkenningu sem listgrein.

Meðfylgjandi er opinber "texti" sýningarinnar og sýningarskrá.

POSTER ART USA

Eftir tæplega aldarlangan þróunarferil hefur veggspjaldalist náð fullum þroska í gróðurhúsi nútíma borgarlífs. Sterk form veggspjaldsins og líflegir litir vefast saman í auknum styrk og grípa athygli önnum kafins almennings, í samkeppni við truflanir flókins umhverfis. Til þess að nema boðskap veggspjaldsins þarf aðeins eitt augnablik. Og þó - þrátt fyrir hversu einfalt og beinskeitt það er - skilur það eftir hálfdulin áhrif í minningu hvers áhorfanda, breytir eða staðfestir viðhorf er móta efnahagsleg menningarleg og stjórnmáleg hegðunarferli.

Veggspjaldið frjóvgaðist á tímum uppreisnar í listum á síðari hluta nítjándu aldar. Það hefur einkum verið verkfæri baráttumannsins - hljóðfæri breytinga, óánægju og frumkvæðis. Það hafði fljótlega mikil áhrif á auglýsingar á tímum nýrrar listar í París, en afl þess sem boðbera og sannfæranda varð mönnum ekki að fullu ljóst fyrr en í heimsstyrjöldinni fyrri. Í þeirri röð af félagslegum kreppum sem síðan hafa gengið yfir hafa listamenn leitað til veggspjaldasins til að hreyfa við ímyndunarafli fjöldans, til stuðnings margvíslegra krossferða á hendur óréttlætis.

Bandarísk veggspjöld frá fyrri hluta þessa tímabils má flokka í tvo hópa. Auglýsingar á skemmtunum og neysluvörum, sem eiga uppruna sinn í alþýðulist, og kynningu í útgáfum og sýningum, sem byggja á fordæmi Evrópu. Innflutningur evrópskra hönnuða lagði til yfirgnæfandi áhrif þeirra á stíl bandarískra veggspjalda á árunum milli stríða og það var ekki fyrr en á áratug mótmælanna, þeim sjötta á þessarri öld, að óyggjandi bandarísk áhrif náðu fótfestu. Í þeirri kyrrð og ró, sem ríkt hefur hin síðustu ár, hefur nýjum áföngum í frumleika og fjölbreytni verið náð.

Með "POSTER ART USA" leggjum við fram úrval af nútíma bandarískum veggspjöldum, eftir fáeina af helstu listamönnum landsins.

Meðal þeirra er Milton Glaser, ser er einn af áhrifamestu teiknihönnuðum eftirstríðsáranna. Hann hefur oft verið heiðraður fyrir verk sín, en ef til vill aldrei þó eins og af nemendum Royal College of Art í London, þegar þeir völdu hann sem mestan teinkihönnuð veraldar.

En sýningin "POSTER ART USA" talar sínu máli sjálf.

Verk á sýningunni eru:

1. Joseph Alberts
   THE AMERICAN FEDERATION OF ARTS

2. Jim Dine
   ART IN SCIENCE

3. John Singer Sargent
   THE TRIUMPH OF REALISM

4. Roy Lichtenstein
   MERTON OF THE MOVIES

5. Larry Rivers
   GERSHWIN

6. Katherine Porter
   NEWPORT JAZZ FESTIVAL-NEW YORK

7. Ernest Trova
   SUNDAY FESTIVAL OF MUSIC SAINT LOUIS SYMPHONY ORCHESTRA

8. Richard Lindner
   ALBAN BERG´S LULU

9. Jack Bush
   MOSTLY MOZART FESTIVAL

10. Georgia O'Keeffe
SANTA FE CHAMBER MUSIC FESTIVAL

11. Alexander Calder
SANE

12. Carol Summers
13th NEW YORK FILMS FESTIVAL

13. Wayland Moore
TENNIS CLASSIC

14. Saul Steinberg
THE NEW YOURKER

15. Willem de Konning
GUILD HALL EASTHAMPTON

16. Allan D'Arcangelo
14th N.Y. FILM FESTIVAL

17. Louise Nevelson
BICENTENNIAL DAWN

18. Robert Rauschenberg
EARTH DAY

19. Roy Lichtenstein
ROY LICHTENSTEIN

20. Jasper Johns
WHITNEY MUSEUM OF AMERICAN ART

21. Ellsworth Kelly
ELLSWORTH KELLY-WALKER ART CENTER

22. Seymour Chwast
PERIDOT

23. Seymour Chwast
THE SENSATIONAL HOUDINI

24. Mark Rothko
JOHN F. KENNEDY CENTER FOR THE PERFORMING ARTS

25. Milton Glaser
BIOGRAPHICAL TEXT PANEL

26. Milton Glaser
SIMON & GARFUNKEL

27. Milton Glaser
HUGH MASEKELA

28. Milton Glaser
TEMPLE UNIVERSITY MUSIC FESTIVAL

29. Milton Glaser
TEMPLE UNIVERSITY MUSIC FESTIVAL AND INSTITUTE

30. Milton Glaser
MASQUERADE AT SEA

31. Milton Glaser
THE NEW MECHANIC

32. Milton Glaser
THE RUSSIAN TEA ROOM WELCOMES THE NEWPORT JAZZ FESTIVAL

33. Milton Glaser
THE LOVIN'SPOONFUL AT LINCOLN CENTER

34. Milton Glaser
STEVIE WONDER